

TILSKIPUN

8

11. apríl

um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 56, 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, viljum Vér hérmeð fyrirskipa eftirfarandi reglur:

Almenn ákvæði.

Reglna þessara skulu öll skip gæta á rúmsjó og á öllum þeim leiðum, er standa í sambandi við rúmsævið og þar sem skipgengt er hafskipum.

Hvort skipið telst gufuskip eða seglskip

Í reglum þeim, sem hér fara á eftir, eru öll þau gufuskip, er fara undir seglum og nota eigi gufuafl talin seglskip, og öll þau skip, er ganga fyrir gufuafl talin gufuskip, hvort heldur þau jafnframt nota segl eða eigi.

„Gufuskip“ er hvert það skip, er notar vélar til gangs.

Með orðunum „fyrir gufu“, er átt við að skipið hreyfist fyrir einhverskonar vélafl.

Í reglum þessum er skip talið að vera „laust“ (under way) þegar það hvorki liggur fyrir akkeri, landfestum eða stendur grunn.

Sú skal talin lengd skips, sem greind er í skráningarskirteini þess.

Reglur um siglingaljós.

Þegar orðið „sýnilegt“ er notað um siglingaljós og merkjaljós in þessum reglum, er átt við að þau sjáist þegar dimmt er af nóttu, en í bjartviðri.

1. gr.

Reglnanna um siglingaljós in skal gætt frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvornig sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt er að blanda saman við hin lögboðnu siglingaljós, eða sem gera erfiðara að siglingaljós in séu sýnileg.

Hvenær ljós-bendingum skal beitt

2. gr.

Á gufuskipi, sem „laust“ er, skal vera:

a. Skært, hvítt ljós á framsigli eða beint framundan henni, eða framan til á

Ljós-bendingar á gufuskipum

8
11. apríl

skipinu ef engin framsigla er á því. Ljós þetta skal þannig lagað, að það dreifi samfelldri birtu yfir boga af sjónbaugnum er nema 20 kompásstrikum, og þannig fyrir komið, að það dreifist yfir 10 strik hvorum megin skipsins, sem sé beint fram undan og til beggja hliða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 5 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.

- b. Annaðhvort fyrir framan eða aftan hvíta ljósið, er greint er í staflið *a*, annað hvitt ljós, eins háttað og eins fyrir komið og hvíta ljósið, sem áður var greint.

Skip, styttri en 45,75 metrar, eru ekki skyld að hafa þetta síðar greinda ljós, en þau mega það.

- c. Báðum þessum hvítu ljósum skal fyrir komið í lóðréttum langskurðarfleti gegnum miðju skipsins, og þannig að annað ljósið sé að minnsta kosti 4,57 metrum ofar en hitt, og að neðra ljósið sé framar en efra ljósið og herra en hliðarljós þau, sem getið er um í 2. gr. staflið *d*. og *e*. Hin lóðréttu fjarlægð milli hinna tveggja hvítu ljósa skal minni en hin lárétta fjarlægð þeirra. Lægra ljósinu, eða ef aðeins eitt er notað, — skal þannig fyrir komið, að það sé að minnsta kosti 6,1 metra upp frá bolnum og ef skipið er meir en 6,1 metrar á breidd, skal ljósið að minnsta kosti vera svo marga metra upp frá bolnum, sem breidd skipsins er, þó gerist aldrei þörf að hafa ljósið herra en 12,19 metra upp frá bolnum.
- d. Grænt ljós á stjórnborða, — hliðarljósker — þannig lagað, að það beri samfellda birtu yfir boga af sjónbaugnum, er nemi 10 kompásstrikum, og þannig fyrir komið, að það dreifist beint fram undan og til hliðar á stjórnborða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 2 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.
- e. Rautt ljós á bakborða, — hliðarljósker — þannig lagað, að það beri samfellda birtu yfir boga af sjónbaugnum, er nemi 10 kompásstrikum, og þannig fyrir komið, að það dreifist beint framundan og til hliðar á bakborða 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 2 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.
- f. Við hin greindu grænu og rauðu hliðarljós skal þeim megin, sem að skipinu veit, setja hlíf, sem nær að minnsta kosti 91 sentímetra fram yfir ljósin, þannig að því verði varnað, að ljós þessi sjáist yfir kinnung skipsins hinum megin.

Á herskipum af sérstakri gerð, þar sem ekki er hægt að fullnægja að öllu ákvæðum þessarar greinar um fyrirkomulag ljósanna og sjónarlengd þeirra, skal reglum þessum fylgt, eins nákvæmlega og ástæður leyfa og á herskipum, þar sem því verður eigi komið við að hafa seinna hvíta ljósið, sem greint er í staflið *b* í þessari grein, þarf ekki að hafa það.

3. gr.

Á gufuskipi, er dregur á eftir sér annað skip, skulu, auk hliðarljósanna vera 2 skær, hvít ljós, og sé annað lóðrétt yfir hinu og með 1,83 metra millibili að minnsta kosti. En ef skipið hefir fleiri en eitt skip í eftirdragi, og lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni er yfir 183 metra, skal á því vera ennfremur skært, hvítt ljós 1,83 metra fyrir ofan eða neðan hin ljósin.

Öllum þessum ljósum skal eins háttað og eins fyrir komið; skal einu þeirra fyrir komið á sama stað og hvíta ljósinu, er fyrirskipað er í 2. grein, staflið a. Lægsta ljósið skal eigi vera neðar en 4,57 metra upp frá bolnum.

Gufuskip, sem dregur annað skip, og skip sem dregin eru að undanskildu því, sem aftast er í lestinni, mega í stað ljóss þess, sem fyrirskipað er í 10. gr. hafa lítið hvítt ljós fyrir aftan reykháfinn eða aftursiglu, er hin dregnu skip geti stýrt eftir. Ljósið má þó eigi vera sýnilegt fyrir framan þverskipsstefnu.

4. gr.

a. Á skipi, sem ekki er undir stjórn, skulu vera á þeim stað, er hægast er að sjá, og ef um gufuskip er að ræða, þá í stað ljósa þeirra, er greint er í 2. gr. staflið a. og b., 2 rauð ljós, og sé annað þráðbeint upp af hinu, og að minnsta kosti með 1,83 metra millibili, þannig fyrir komið að lægra ljósið skal eigi vera neðar en 4,27 metra upp frá bolnum. Ljósum þessum skal svo háttað, að þau séu sýnileg hvaðan sem lítið er, 2 sjómílur á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn skulu á skipi því, er svona stendur á fyrir vera 2 svartar kúlur, eða bendingarmyndir á þeim stað, er hægast er að sjá þær; hvor þeirra skal vera 61 sentimetri að þvermáli og önnur þráðbeint upp af hinni, með 1,83 metra millibili að minnsta kosti.

b. Á skipi því, sem er að leggja niður eða taka upp neðansjávarþræði skulu vera í stað ljósa, er greind eru í 2. grein staflið a. og b.: 3 ljós hvert þráðbeint upp af öðru, með 1,83 metra millibili að minnsta kosti, þannig fyrir komið að lægsta ljósið skal vera neðar en 4,57 metra upp frá bolnum.

Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt og miðljósið hvítt, og öllum skal þeim þannig háttað að þau séu sýnileg hvaðan sem lítið er, 2 sjómílur á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn skal það hafa 3 bendingarmyndir á þeim stað, sem hægast er að sjá þær; hver þeirra skal vera 61 sentimetri að þvermáli að minnsta kosti, og hver þráðbeint upp af annari með 1,83 metra millibili að minnsta kosti.

Efsta og neðsta myndin skulu vera hnattmyndaðar og rauðar að lit; miðmyndin skal vera hvít og í lögum sem teningur, hengdur upp á horni.

c. Skip þau, sem um er rætt í þessari grein, skulu eigi hafa hliðarljósin uppi, þegar þau eru ekki á siglingu, en á siglingu skulu þau hafa þau.

d. Önnur skip skulu skoða ljós þau og bendingarmyndir, er boðið er að hafa

8

11. apríl

Ljós-
bendingar
á gufu-
skipum sem
draga önnur
skip

Bendingar
á skipum
sem ekki
verður
stjórnað

8
11. apríl

samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau, sem hafa þau til sýnis, séu ekki undir stjórn, og geti því ekki vikið úr vegi. Hinsvegar skulu skip þau, er í nauð eru stödd og æskja hjálpar, eigi nota bendingar þessar; þeirra merkja er getið í 31. gr.

5. gr.

Ljós-
bendingar
á seglskip-
um og skip-
um sem
dregin eru

Á seglskipi, sem laust er, og öllum skipum, sem eru dregin, skulu vera sömu ljós og um getur í 2. gr. á gufuskipi, sem laust er, nema hvítu ljósin, því að þau ljós mega téð skip aldrei hafa.

6. gr.

Ljós-
bendingar
á smáskip-
um í ill-
viðri

Þegar grænu og rauðu hliðarljósin ekki verða höfð á sínum vanalega stað, eins og til kann að bera á litlum skipum, er laus eru í illviðri, þá skulu þau þó tendruð og til taks, ef á þarf að halda. Ef skipið kemur í námunda við annað skip eða annað skip nálgast það, skal bera út ljósin til sýnis hvort sinum megin, svo snemma að komizt verði hjá ásiglingu, og skal það gert svo, að ljósin verði sem bezt séð, og þannig, að hið græna ljós verði ekki séð bakborða megin og hið rauða ljós ekki stjórnborða megin og ef unnt er þannig, að hvorugt sjáist aftar, þeim megin sem það er, en 2 kompásstrik frá þverskipsstefnu.

Til þess því að öruggara og hægara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin hvort um sig vera máluð að utan með hinum sama lit og ljós það, er í því er kveikt, og búin hæfilegum hlífum.

7. gr.

Ljós-
bendingar
á smáskip-
um þegar
venjulega
viðrar

Á gufskipum, sem eigi ná 40 brúttórúmllestum, og á öðrum skipum, sem eigi ná 20 brúttórúmllestum, og eru undir árum eða seglum, skal eigi skylt, er þau eru laus, að hafa ljós þau, er greind eru í 2. gr., en séu ljós þessi eigi höfð á skipunum, skulu á þeim vera ljós þau, er hér greinir:

1. Á gufuskipum, er eigi ná 40 rúmllestum, skal vera:

- a. Skært, hvítt ljós framan til á skipinu, á reykháfnunum eða fyrir framan hann, þar sem hægst er að sjá það, skal það að minnsta kosti vera 2,75 metra fyrir ofan borðstokkinn, skal það eins lagað og því fyrir komið eins og ljósi því, er fyrirskipað er í 2. gr. staflið *a.*, og ennfremur þannig háttað, að það sé sýnilegt 3 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.
- b. Græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrir komið og ljósum þeim, er fyrirskipuð eru í 2. grein, stafliðunum *d.* og *e.*, og þannig háttað, að þau séu sýnileg að minnsta kosti 1 sjómílu á lengdar, eða samsett ljósker með grænu ljósi í öðru megin, en rauðu ljósi hinum megin, er beri birtu beint fram undan og sitt til hvorrar hliðar 2 strik aftur fyrir þverskipsstefnu. Ljósker þetta skal vera 91 sentímetri fyrir neðan hvíta ljósið að minnsta kosti.

2. Á þesskonar gufubátum, sem eru hafðir á hafskipum, er heimilt að hafa hvíta ljósið neðar en 2,75 metra fyrir ofan borðstokkinn, en þó skal það

vera ofar en hliðarljósinn eða samsetta ljóskerið, er nefnt er í tölulíð 1, 8
staflíð *b*.

11. apríl

3. Skip undir árum eða seglum, er eigi ná 20 rúmlestum.

Skulu, ef þau ekki hafa hliðarljósker, hafa ljósker, þar sem það sést bezt, er sýnir grænt ljós öðrum megin og rautt ljós hinum megin, þannig fyrir komið, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnborðsmegin, og því skal þannig háttað, að það sjáist að minnsta kosti 1 sjómílu. Ef eigi er hægt að hafa þetta ljósker fast, skal það vera tendrað og tiltækt, og sýnt svo snemma, að komizt verði hjá ásiglingu.

4. Róðrabátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu aðeins skyldir að hafa til taks ljósker tendrað hvítu ljósi, sem ef með þarf skal sýnt svo snemma, að komizt verði hjá ásiglingu.

Skip þau, er getur um í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau, er fyrirskipuð eru í 4. grein, staflíð *a*. og síðasta hluta 11. greinar.

8. gr.

Þegar segl-hafnsögubátar fara erinda sinna á stöðvum sínum, en liggja ekki fyrir akkeri, skulu þeir eigi hafa ljós þau til sýnis, sem fyrirskipað er að sýna á öðrum skipum, heldur skal á siglutoppi hafa hvítt ljós, er sýnilegt sé á alla vegu, og sjáist 3 sjómílu að minnsta kosti, og auk þess skal með stuttu millibili, sem aldrei má vera lengra en 10 mínútur, sýna ljósblossa einn eða fleiri. Þegar þeir nálgast mjög önnur skip, eða önnur skip þá, skulu þeir hafa hliðarljós sín tendruð og til taks og með stuttu millibili láta þau leiftra eða sýna þau til að gefa til kynna, í hvora átt þeir stefna, en eigi má láta græna ljósið sjást bakborðamegin né rauða ljósið stjórnborðamegin.

Segl-hafnsögubátur, sem er svo lagaður, að nauðsyn beri til að leggja honum að hlið skips, ef koma skal hafnsögumanni upp á það, skal heimilt að sýna hvítt ljós í stað þess að hafa það á siglutoppi, og enn fremur í stað hliðarljóskeranna, er getið var áður, að hafa ljósker með grænu gleri öðrum megin, en rauðu hinum megin; skal það vera til tækt, ef á þarf að halda, og skal með það farið á sama hátt og fyrr er greint.

Gufu-hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja ekki fyrir akkeri, skulu til viðbótar við ljós og blossa, sem fyrirskipað er á segl-hafnsögubátum, hafa rautt ljós 2,40 metra fyrir neðan hvíta siglu-ljósið og að það sé sýnilegt hvaðan sem litið er, 3 sjómílu að minnsta kosti, enn fremur hliðarljósker, er skipum, er laus eru, er skylt að hafa.

Allir hafnsögubátar, þegar þeir eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja fyrir akkeri, skulu hafa áður nefnd ljósker og ljósblossa, að undanskildum hliðarljóskerum, er þeir mega ekki sýna.

Þegar hafnsögubátar eru ekki í hafnsöguerindum sínum, skulu þeir hafa sömu ljós og önnur skip, af sama flokki og rúmlestatali.

Ljós-
bendingar
á hafnsögu-
bátum

11. apríl

Ljós- og
hljóðbend-
ingar á
fiskiskipum9. gr.^{1) 2)}

Fiskiskip og fiskibátar skulu, er þau eru laus og ekki skyld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að hafa eða sýna ljós þau, sem talin eru upp hér á eftir, hafa eða sýna ljós þau, sem fyrirskipuð eru á skipum þeim, sem laus eru og jafnstór að rúmlestatali.

a. Opnir bátar — en þar til teljast bátar, sem ekki eru alþiljaðir og geta því ekki varizt að sjór komi í þá — skulu hafa hvítt ljós, er sjáist hvaðan sem litið er, þegar þeir eru á næturþeli að hverskonar fiski sem er, með veiðarfærin útbyrðis, og þau liggja í sjó í hæsta lagi 45,72 metra í lárétta stefnu frá bátnum.

Opnir bátar, sem eru að fiski á nóttu með veiðarfærin útbyrðis og þau liggja í sjó yfir 45,72 metra í lárétta stefnu út frá bátnum, skulu hafa hvítt ljós, er sýnilegt sé á alla vegu, og auk þess ber þeim, er báturinn nálgast önnur skip, eða þau hann, að sýna annað hvítt ljós, er sé að minnsta kosti 91 sentimetrir neðar en fyrri ljósið og með eigi minna en 1,50 metra lárétta millibili frá því, í þá stefnu, sem veiðarfærið er bundið.

Ljós, nefnd í þessum greinakafli, (a), skal vera þannig háttað, að þau sjáist að minnsta kosti 2 sjómilur.

b.³⁾ Þegar skip og bátar — að undanskildum opnum bátum, eins og þeir eru ákveðnir í staflíð a. — veiða með reknetum, skulu þau svo lengi sem netin að öllu eða nokkru eru í sjó, hafa 2 hvít ljós, þar sem þau sjást greinilegast. Ljósum þessum skal þannig fyrir komið, að hin lóðrétta fjarlægð milli þeirra sé í minnsta lagi 1,80 metrar og mesta lagi 4,50 metrar og hin lárétta fjarlægð milli þeirra, miðuð við kjöllinuna, í minnsta lagi 1,50 metrar og í mesta lagi 3 metrar. Neðra ljósið af þessum tveim skal vita þangað, sem netin eru, og báðum ljósunum skal vera þannig háttað, að þau geti sézt á alla vegu og séu sýnileg 3 sjómilur á lengdar að minnsta kosti.

Í Miðjarðarhafinu og höfum þeim, er liggja að Japan og einnig að því er snertir skip rússneska ríkisins (USSR) við strendur þess ríkis (að undanskyldu Eystrasalti), eru fiskiseglskip, sem ekki ná 20 brúttómálestum, ekki skyld að hafa neðra ljósið, en hafi þau það ekki, skulu þau, ef þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálgast þau, sýna hvítt ljós í sömu afstöðu (þ. e. í þá stefnu, sem netin eða veiðarfærið er), er skal vera sýnilegt eigi minna en eina sjómílu á lengdar.

c. Þegar skip og bátar — þó að undanskildum opnum bátum, eins og þeir eru ákveðnir í staflíð a. — eru að veiði með fiskilóðum, og hafa lóðir sínar útbyrðis og þær eru fastar við skipið eða verið að draga þær inn, og þegar þau ekki liggja við akkeri eða kyr á þann hátt, sem greinir í staflíð h., skulu

1) Þessi grein gildir ekki fyrir kínversk eða síömsk skip.

2) Með orðinu Miðjarðarhafið í þessari grein b. og c. er Svartahafið innifalið ásamt innhöfum sem siglt er um, og eru í sambandi við það.

3) Hollenzk skip og bátar, sem fiska með „Kol“ eða handfæri, skulu hafa sömu ljós og krafizt er af skipum, sem fiska með reknetum.

þau hafa sömu ljós og skip, sem eru að fiski með reknetum. Þegar þau 8
gefa fiskilóðirnar út eða veiða með reklóðum, skulu þau sýna ljós þau, 11. apríl
sem fyrirskipuð eru á gufuskipi eða seglskipi, sem er laust, eftir því, sem
við á.

Í Miðjarðarhafinu og höfum þeim, er liggja að Japan og einnig hvað
snertir skip USSR við strendur þess að undanskildu Eystrasalti, eru segl-
skip, sem fast við fiskiveiðar og ekki ná 20 brúttó rúmlestum, ekki skyld
að hafa neðra ljósið, en hafi þau það ekki, skulu þau, ef þau nálgast önnur
skip, eða önnur skip nálgast þau, sýna hvítt ljós í sömu afstöðu (þ. e. í
sömu stefnu og fiskilóðirnar eru), sem skal vera sýnilegt ekki minna en
ein sjómílu á lengdar.

d. Skip, sem eru að botnvörpuveiðum, þ. e. draga veiðarfæri, hvernig sem
þau eru löguð, eftir sjávarbotninum, skulu:

1. Ef þau eru gufuskip, vera skyld að hafa á sama stað og ljós það, sem
getur um í 2. gr. a., þrilitt ljósker, sem er þannig gert og fyrir komið, að
það geti sýnt hvítt ljós beint fram undan og til hliðar 2 strík á bæði borð
og grænt og rautt ljós yfir boga af sjónbaugnum frá 2 stríkum frá beinni
stefnu framundan til 2 strík aftur fyrir þverskipsstefnu bæði á stjórn-
borða og bakborða, svo og í minnsta lagi 1,80 metra og í hæsta lagi 3,60
metrum fyrir neðan þrilita ljóskerið að hafa hvítt ljós í ljóskeri, sem
er þannig lagað, að það geti borið skæra, jafna og samfellda birtu allt
í kring.
2. Og ef þau eru seglskip, skulu þau skyld að hafa hvítt ljósker, sem er
þannig lagað, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring,
og skulu þau að auki, þegar þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálg-
ast þau, sýna á þeim stað sem bezt sést — hvítan ljósblossa eða blys í
tæka tíð, til að afstýra árekstri.

Ljós þau öll, sem nefnd eru í staflíð d. 1. og 2. skulu vera sýnileg 2 sjó-
mílu á lengdar að minnsta kosti.

- e. Skip, er veiða með ostrusköfum eða öðrum botnsköfum, skulu sýna sömu
ljós og botnvörpuskip.
- f. Fiskiskip og fiskibátar mega auk ljósa þeirra sem þeim samkvæmt þessari
grein er skylt að hafa og sýna, viðhafa hvenær sem er ljósblossa og ljós við
vinnu sína.
- g. Öll fiskiskip og fiskibátar, sem ekki ná 45,72 metrum á lengd, skulu, er þau
liggja við akkeri, sýna hvítt ljós, er sé sýnilegt að minnsta kosti 2 sjómílu
á lengdar, hvaðan sem litið er.

Öll fiskiskip, sem eru 45,72 metrar á lengd eða þaðan af meira, skulu,
er þau liggja við akkeri, sýna hvítt ljós, sem sé sýnilegt að minnsta kosti
2 sjómílu á lengdar, hvaðan sem litið er, og auk þess eitt ljós, eins og á-
kveðið er í 11. grein um skip að sömu lengd.

Ef slíkt skip, hvort sem það er yfir eða undir 45,72 metrum að lengd,
er fast við net eða önnur veiðarfæri, skal það, ef önnur skip nálgast það,

sýna hvítt ljós að auki eigi minna en 90 sentímetra fyrir neðan akkeris-
ljósið og eigi meira en í 1,50 metra láréttri fjarlægð frá því í þá stefnu, er
netið eða veiðarfærið er.

- h.* Ef skip, eða bátur, sem er að fiski, liggur kyrrt sökum þess að veiðarfærið
festist á kletti eða annari fyrirstöðu, skal skipið, ef á degi er, draga niður
dagbending þá, sem fyrirskipuð er í staflíð *k.*; á nóttu skal það sýna það
eða þau ljós, sem fyrirskipuð eru á skipum, er liggja við akkeri, og í þoku,
dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum, skal það beita bendingum þeim,
er fyrirskipaðar eru á skipi, sem liggur við akkeri (sjá 15. gr. staflíð *d.* og
síðustu málsgrein sömu greinar).
- i.* Í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum, skulu skip, sem eru að
veiði með reknetum og veiðarfæri eru föst við, og skip, sem eru að botn-
vörpuveiði, skafa eða veiða með hverskonar botnslæðum, eða skip, sem
eru að veiði með fiskilóðum og hafa lóðir sínar útbyrðis — ef þau eru 20
rúmlestir brúttó að stærð, eða þaðan af meira — láta kveða við hljóð með
ekki lengra en 1 mínútu millibili, gufuskip með gufupípunni eða sirenunnni,
seglskip með þokuhorninu. Hverju hljóði skal vera samfara klukkuhring-
ing. Fiskiskip og fiskibátar, er ekki ná 20 brúttórúmllestum, skulu ekki
skyld að gera nýnefndar bendingar, en ef þau ekki gera þær, skulu þau
láta kveða við aðra greinilega hljóðbending með ekki lengra en 1 mínútu
millibili.
- k.* Öll skip og bátar, sem eru að veiðum með netum, fiskilóðum eða botnvörp-
um og eru laus, skulu á daginn gefa starf sitt til kynna, með því að sýna
körfu þaðan sem hægst er að sjá hana. Þegar skip eða bátar liggja við
akkeri með veiðarfæri sín útbyrðis, og önnur skip koma í námunda við
þau, ber þeim að sýna sömu bendingar til þeirrar hliðar, þar sem leið er
frjáls.

Skip þau, sem samkvæmt þessari grein eru skyld að hafa eða sýna ljós
þau, sem nánar eru tiltekin í undanfarandi reglum, eru ekki skyld að hafa ljós
þau sem fyrirskipuð eru í 4. gr. *a.*, og síðasta hluta 11. greinar.

10. gr.

Á skipi, sem laust er, skal hafa á afturstafni hvítt ljós þannig lagað og fyr-
irkomið, og búið svofelldum hlífum, að það dreifi samfelldri birtu yfir boga af
sjónbaugnum er nemi 12 kompásstrikum, þ. e. beint aftur undan skipinu og til
hliðar 6 strík hvorum megin skipsins. Ljósið skal vera þannig lagað að það sé
sýnilegt minnst 2 sjómíllur. Ljós þetta skal ennfremur vera jafnhátt upp frá
skipinu og hliðarljósin, eða því sem næst.

Ef á litlum skipum, í vondum veðrum, eða einhverjum öðrum gildum
ástæðum, ekki er hægt að hafa þetta ljósker fast á ákveðnum stað, skal tendrað
ljósker vera til taks. Þegar skip nálgast skal sýna ljós þetta svo snemma, að
komast megi hjá ásiglingu.

Á herskipum af sérstakri gerð, þar sem ekki er hægt að fullnægja að öllu

ákvæðum þessarar greinar um fyrirkomulag ljósanna og sjónarlengd þeirra skal reglum þessum fylgt eins nákvæmlega og ástæður leyfa.

Um skip, er dregur annað skip, og skip sem eru í eftirdragi, vísast til síðustu málsgreinar 3. greinar.

11. gr.

Þegar skip, sem ekki nær 45,72 metrum að lengd, liggur við akkeri, skal hvítt ljós vera framan til á því á þeim stað, sem hægst er að sjá það, en þó eigi ofar en 6,1 metra upp frá bolnum; skal ljósið vera í þannig löguðu ljósakeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu og sé sýnilegt að minnsta kosti 2 sjómilur álangdar, hvaðan sem litið er.

Þegar skip, sem er 45,72 metrar að lengd eða þaðan af meira, liggur við akkeri, skal framantil á því vera eitt samskonar ljós, ekki minna en 6,1 metra upp frá bolnum, og ennfremur eitt samskonar ljós á afturstafni skipsins eða í nánd við hann og skal það vera að minnsta kosti 4,57 metrum lægra en fremra ljósið.

Frá sólaruppkomu til sólarlags skulu öll skip, er liggja fyrir akkeri á fjölförnum skipaleiðum, sýna svarta kúlu 61 sentímetra að þvermáli, framan til á skipinu, þar sem hún sést best.

Ef skip stendur grunn á fjölfarinni skipaleið eða rennu, eða þar í nánd, þá skal það að nóttu til, auk áðurgreinds ljóss eða ljósa, hafa tvö rauð ljós, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið *a*.

Á daginn skulu hafðar 3 svartar kúlur 61 sentímetra að þvermáli þráðbeint hver upp af annari, þar sem þær sjást best.

12. gr.

Auk ljósa þeirra, er fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum, ef þörf gerist til þess að vekja athygli á sér, heimilt að sýna ljósblossa eða viðhafa hverja þá hvellbendingu eða hljóðbendingu, sem eigi er hægt að blanda saman við áður fyrirskipaða neyðarbendingu eða þokumerki.

13. gr.

Eigi skal neitt það, er fyrirskipað er í reglum þessum, vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hverskonar sérstökum fyrirskipunum, er stjórn hverrar þjóðar, sem er, gerir um frekari notkun stöðva- og bendingarljósa á herskipum tveim eða fleirum, eða á skipum er sigla með herskipafylgd, og eigi heldur því til fyrirstöðu, að sýndar verði einkennisbendingar, er skipaútgerðarmenn hafa valið skipum sínum, ef bendingar þessar eru löggiltar af hlutaðeigandi stjórnnum, og ennfremur skrásettar og auglýstar á hæfilegan hátt.

14. gr.

Skip, sem er undir seglum, og jafnframt er knúð áfram með gufu eða hverskonar vélaafli, skulu á daginn hafa svarta keilu með mjóa endann upp. Grunnflötur keilunnar skal vera 62 sentimetrar að þvermáli, og komið fyrir framan á skipinu, þar sem hún sést best.

8

11. apríl

Ljós-
bendingar
á skipum
sem liggja
við akkeri
eða standa
grunn

Blossa eða
hvellbendingar
á
skípi sem
vill vekja
athygli á sér

Sérstakar
ljós-
bendingar
á herskip-
um og gufu-
skipalínum

Sérstök
dagbending
á gufuskíp-
um, er ein-
göngu fara
undir segl-
um

Hljóðbendingar í þoku o. fl.

15. gr.

Allar bendingar, er fyrirskipaðar eru í þessari grein á skipum, sem eru laus, skulu gerðar:

1. Á gufuskipum, með gufupípunni eða sírenunni.
2. Á seglskipum og dregnum skipum, með þokuhorninu.

Í þessari grein þýða orðin „langt hljóð“ hljóð, er helzt við í 4 til 6 sekúndur.

Á gufuskipum skal vera hljómsterk pípa eða sírena, er gefur hljóð frá sér með gufu eða einhverju, er kemur í gufu stað. Skal henni þannig fyrir komið, að eigi stöðvist hljóðið af öðrum hlutum á skipinu. Á gufuskipum skal enn fremur vera hljóðsterkt þokuhorn, er kveður við, þegar í það er blásið, með þar til gerðu verkfæri, og auk þess hátt ómandi klukka.¹⁾

Á seglskipum, sem eru 20 rúmlestir brúttó eða þaðan af meira, skulu vera álíka þokuhorn og klukkur.

Í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum skal hvort sem er á nóttu eða degi, bendingum þeim, er lýst er í þessari grein, beitt á svofelldan hátt:

- a. Á gufskipum, sem eru á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í hæsta lagi láta kveða við langt hljóð.
- b. Á gufuskipum, sem eru laus, en eru stöðvuð og halda eigi áfram, skal með 2 mínútna millibili í hæsta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu hléi, milli hljóðanna.
- c. Á seglskipum, sem eru laus, skal með 1 mínútu millibili í hæsta lagi gefa svofellda bendingu:

Þegar það hefir vindinn á stjórnborða, þveran eða framar, 1 hljóð.

Þegar það hefir vindinn á bakborða, þveran eða framar, 2 hljóð hvort á eftir öðru.

Þegar það hefir vindinn aftar en þveran, 3 hljóð hvert á eftir öðru.

- d. Er skip liggur við ekkeri, skal með 1 mínútu millibili í hæsta lagi, hringja klukkunni ótt í hér um bil 5 sekúndur.

Á skipum, sem eru lengri en 106,75 metrar, skal hringt með klukkunni fram á skipinu, og skal auk þess aftan á skipinu með ekki lengur en 1 mínútu millibili, berja málm bumbu eða eitthvert annað slíkt áhald, að hljóðið frá því verði ekki tekið fyrir klukkuhringingu.

- e. Á skipum, sem draga skip, og á þeim, sem eru að leggja niður eða taka upp neðansjárþráð, og á þeim, sem eru laus, en sem sökum þess, að þau eru eigi undir stjórn og geta annaðhvort eigi vikið úr leið fyrir öðrum skipum, sem nálgast þau, eða sem eigi verður stjórnað samkvæmt því, sem fyrirskipað er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipað er í þessari grein, stafliðunum a., b. og c. láta með 2 mínútna milli-

1) Hvarvetna þar sem viðhöfð er klukka eftir reglum þessum, er heimilt á tyrkneskum skipum í stað hennar að hafa bumbu og á smáum hafskipum málm bumbu, þar sem hún er notuð.

bili í hæsta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt.

8

11. apríl

Skip, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru í eftirdragi, þá síðasta skipið, sem dregið er, skal með ekki meira en 2 mínútna millibili láta kveða við 4 hljóð hvert eftir öðru, sem sé: 1 langt hljóð og 3 stutt hljóð. Þessi ákvæði gilda þó ekki þegar ómögulegt er að manna skipið sem dregið er. Þegar hægt er að koma því við skal skipið, sem er í eftirdragi, gefa sínar hljóðbendingar strax eftir að skipið, er hefir hitt í eftirdragi, hefir gefið sína hljóðbendingu.

f. Skip, sem stendur grunn á fjölfarinni skipaleið eða rennu, eða þar í grend, skal gefa hljóðbendingar, sem lýst er í staflið d. og auk þess gefa 3 sérstök og greinileg högg á klukkuna, strax að lokinni hverri hringingu.

Seglskip og bátar, sem eigi ná 20 rúmlestum brúttó, skulu eigi skyld að ofangreindar bendingar, en ef þau eigi nota þær, skulu þau með 1 mínútu millibili í hæsta lagi gera einhverja aðra fullnægjandi hljóðbendingu.¹⁾

Í þoku o. s. frv. skal sigling lægð.

16. gr.

Öll skip skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypiskúrum sigla með minnkaðri ferð, og taka nákvæmt tillit til kringumstæðna allra og ástands.

Ef gufuskip heyrir þokubendingu frá skipi, er virðist vera fyrir framan þverskipstefnu, en getur þó ekki með vissu ákveðið hvar það muni vera, þá skal það stöðva vél sína að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar, þá er slíkt kemur fyrir, leyfa það, og sigla síðan með varkárni allt þar til engin hættu er lengur á því að skipin rekist á.

Reglur fyrir stjórn og siglingu.

Almenn athugasemd. — Hætta á árekstri.

Þegar kringumstæður leyfa, má komast að raun um, hvort hætt sé við árekstri, með því að miða með nákvæmni á kompásinn skip það, er nálgast.

Ef miðunin breytist ekki að mun, ber að álíta, að hætt sé við að skipin rekist á.

17. gr.

Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að óttast má að þau rekist á, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina.

Þegar tvö skip nálgast hvort annað

1) Hollenzk og belgisk hafnsöguskip, sem eru í hafnsöguerindum í þoku, dimmviðri, snjókomu eða steypi-skúrum, skulu með ekki meira en 2 mínútna fresti gefa eitt langt hljóð með sirenunni og eftir 1 sekúndu bið þá langt hljóð með flautunni, og loks eftir 1 sekúndu bið eitt langt hljóð með sirenunni.

Þegar þau ekki eru í hafnsöguerindum þá skulu þau gefa sömu hljóðmerki sem önnur gufuskip.

- 8
11. apríl
- Skip, sem hefir liðugan vind, skal víkja úr leið fyrir skipi, sem siglir beitivind.
 - Skip, sem hefir beitivind, með vind á bakborða, skal víkja úr leið fyrir skipi, sem hefir beitivind með vind á stjórnborða.
 - Ef bæði skipin hafa liðugan vind með vind á gagnstæð borð, skal það skip, sem hefir vind á bakborða, víkja úr leið hinu.
 - Ef bæði skipin hafa liðugan vind með vind á sama borð, skal það skip, er áveðurs siglir, víkja úr leið fyrir hinu, sem í hlé siglir.
 - Skip, sem siglir beggjaskauta byr, skal víkja úr leið fyrir hinu skipinu.

18. gr.

Pegar tvö
gufuskip
stefna hvort
á annað

Pegar tvö gufuskip koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, svo óttast má að þau rekist á, skulu bæði víkja á stjórnborða, svo að þau geti bæði farið hvort fram hjá öðru á bakborða.

Grein þessi á einungis við, þá er svo ber undir, að skip koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, svo að óttast má, að þau rekist á, og á ekki við tvö skip, sem hljóta að komast hvort fram hjá öðru, ef bæði halda stefnu sinni óbreyttri.

Grein þessi á aðeins við það, er skipin stefna beint eða því nær beint hvort á annað, eða með öðrum orðum:

Á daginn, þegar siglutré skipanna eru í beinni eða því nær beinni röð, hvort fram af öðru, og

á nóttu, þegar skipin hafa þá afstöðu, að á hvoru um sig sjást bæði hliðarljós hins skipsins.

Greinin á því ekki við:

Á daginn, þegar skip sér annað skip fyrir stafni og leiðir þeirra liggja á mis, eða

á nóttu, þegar rauða ljósið á öðru skipinu blasir við rauða ljósinu á hinu eða græna ljósið á öðru skipinu blasir við græna ljósinu á hinu, eða þegar rautt ljós en ekki hið tilsvarandi græna ljós sést framundan, eða, þegar grænt ljós, en ekki hið tilsvarandi rauða ljós sést framundan, eða þegar bæði sést grænt og rautt ljós í einhverri annari átt en beint framundan.

19. gr.

Pegar tvö
gufuskip
stefna svo að
leiðir liggja
á mis

Pegar tvö gufuskip stefna svo að leiðir liggja á mis, þannig að hætt er við að þau geti rekizt á, þá skal það skipið, sem hefir hitt á stjórnborða, víkja úr leið.

20. gr.

Pegar gufu-
skip og segl-
skip nálgast
hvort annað

Pegar gufuskip og seglskip stefna þannig, að hætt er við að þau geti rekizt á, skal gufuskipið víkja úr vegi fyrir seglskipinu.

21. gr.

Þegar annað skipið samkvæmt reglum þessum skal vikja úr leið, skal hitt halda stefnu sinni og ferð.

Aths.: Þegar skipið vegna dimmviðris eða annara orsaka er komið svo nálægt hinu skipinu, að ekki verður komizt hjá árekstri með því einu, er skip það, sem vikja á úr leið, gerir til þess, þá skal einnig hitt skipið gripa til þeirra úrræða, er bezt geta stuðlað til að afstýra árekstri (sjá 27. og 29. gr.).

22. gr.

Sérhvert skip, sem samkvæmt þessum reglum ber að vikja úr leið fyrir öðru skipi, skal, ef svo stendur á, að kringumstæður leyfa það, forðast að fara yfir um leið hins skipsins fyrir framan það.

23. gr.

Sérhvert gufuskip, sem samkvæmt þessum reglum ber að vikja úr leið fyrir öðru skipi, skal, þegar það nálgast það, minnka ferð sína eða nema staðar eða halda aftur á bak, ef nauðsyn krefur.

24. gr.

Án tillits til þess, er stendur í reglum þessum, skal sérhvert skip, sem siglir uppi annað skip, vikja úr leið fyrir því, er það siglir uppi.

Sem skip, er siglir uppi annað skip, skal sérhvert það skip skoðað, sem nálgast hitt úr hverri átt sem er, meir en 2 strík fyrir aftan þverskipsstefnu hins skipsins — með öðrum orðum er í þeirri afstöðu frá skipinu, sem það siglir uppi, að það mundi um nótf hvorugt hliðarljós þess geta séð; og ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, koma því til vegar, að skipið, er siglir uppi, teljist sem skip, er stefnir svo gagnvart öðru skipi, að leiðir þeirra liggja á mis á þann hátt, er átt er við í reglum þessum, eða að það losast við þá skyldu, að forðast skip það, er það siglir uppi, þar til það er komið fram hjá leiðar sinnar.

Þar eð skip það, er siglir annað uppi, getur ekki á daginn vitað það ætíð með vissu, hvort það er fyrir framan eða aftan ofangreinda stefnu frá hinu skipinu, þá ber því, ef efi leikur á þessu atriði, að skoða sig sem skip, er siglir annað uppi, og því vikja úr leið.

25. gr.

Þegar gufuskip siglir í mjóum sundum, skal það, ef það er hættulaust, halda sér þeim megin í álnum eða miðsundinu, sem að stjórnborða veit.

26. gr.

Seglskip, sem eru laus, skulu vikja úr leið fyrir seglskipum eða bátum, sem eru að fiski með netum, lóðum eða botnvörpum. Þó skal þessi regla ekki gefa neinu skipi eða bát, sem er að fiskveiðum, rétt til að hindra skipaferðir á svæðum eða leiðum, sem önnur skip en fiskiskip eða bátar fara um.

8

11. apríl

Skipið, sem heldur stefnu sinni, skal einnig halda ferð sinni

Skip sem vikur úr leið, skal forðast að fara yfir um leið hins skipsins að framan
Gufuskip sem vikur úr leið, skal minnka ferð sína o. s. frv.

Skip, sem siglir uppi annað skip, skal vikja úr vegi

Þegar gufuskip er í mjóum sundum

Seglskip skulu vikja úr leið fyrir fiskiseglskipum

8

11. apríl

Afbrigði, er sérstök atvik eru og hætta er á ferðum

27. gr.

Þá er beita á reglum þessum, ber að hafa tilhlýðilegar gætur á öllum hættum, þeim, sem siglingum og árekstri skipa er samfara, svo ber þess og að gæta, að sérstök atvik geta verið fyrir hendi, svo að nauðsyn beri til að vikja frá framanskráðum reglum til þess að forðast bráða hættu.

Hljóðbendingar skipa, er sjá hvort annað.

28. gr.

Hljóðbendingar á gufuskipum

Orðin „stutt hljóð“ þýða í þessari grein hljóð sem varir hér um bil eina sekúndu.

Þegar skip sjá hvort annað, skal gufuskip, sem er laust og gerir einhverja hreyfingu, sem reglur þessar heimila eða skipa fyrir, tilkynna þessa hreyfingu með bendingu með gufupípunni eða sírenunni, sem nú skal greina:

1 stutt hljóð, sem þýðir: „Ég sný til stjórnborða“.

2 stutt hljóð, sem þýða: „Ég sný til bakborða“.

3 stutt hljóð, sem þýða: „Vél mín knýr sem hraðast aftur á bak“.

Ekkert skip má, hvernig sem á stendur vanrækja að viðhafa tilhlýðilegar varúðarreglur.

29. gr.

Ekkert af því, sem að framan er skráð, leysir neitt skip, útgerðarmann þess, skipstjóra eða skipshöfn undan því, að bera afleiðingar þær, er hljótast af því, að vanrækt hefir verið að hafa ljósker, gefa bendingar eða halda nógu dyggilega vörð, eða af því að vanrækt hefir verið að gæta slíkra varúðarreglna, sem almenn sjómennska eða sérstök atvik, er til kunna að bera, útheimta.

Fyrirvari með tilliti til reglna fyrir siglingum, á höfnum eða innan fjarða.

30. gr.

Ekkert, sem stendur í reglum þessum, skal vera því til fyrirstöðu, að sérstakar reglur gildi fyrir siglingar í höfnum inni, á ám eða fjörðum, séu þær gefnar á tilhlýðilegan hátt af valdsmanni á hverjum stað.

Neyðarbendingar.

31. gr.

Þegar skip er í háska og æskir hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skal það viðhafa eða sýna eftirfarandi bendingar, annaðhvort allar í einu eða hverja út af fyrir sig.

Á daginn:

1. Fallbyssuskot eða aðrar hvellbendingar, með hér um bil 1 mínútu millibili.
2. Neyðarbendingu þá, sem táknuð er í hinum alþjóðlegu bendingarreglum.
3. Fjarlægðarbendingu þá, er samsett er af ferskeyttum fána og kúlu eða einhverju, sem líkist kúlu, fyrir ofan neðan fánann.
4. Notkun hvers konar þokubendingatóls í sífellu.
5. Alþjóða neyðarmerki, með firðriti eða firðtali, eða hvaða aðferð sem er, til að gefa merki í mikilli fjarlægð.

Á nóttu:

1. Fallbyssuskot eða aðrar hvellbendingar, með hér um bil 1 mínútu millibili.
2. Loga á skipum (t. d. frá brennandi tjörutunnu, oliutunnu o. s. frv.).
3. Eldflaugar eða sprengikúlur, sem skotið er með stuttu millibili, einni og einni í einu, og strá út neistum með hverjum lit og hætti sem er.
4. Notkun hverskonar þokubendingatóls í sífellu.
5. Alþjóðaneyðarmerki, með firðritun eða firðtali, eða hvaða aðferð sem er, til að gefa merki í mikilli fjarlægð.

Bannað er að nota áður greind merki nema í þeim tilgangi að tilkynna að skip sé í háska statt. Ennfremur er bannað að viðhafa önnur merki, sem hægt er að blanda saman við nokkur af áður nefndum merkjum.

Hegningarákvæði.

32. gr.

Brot gegn framangreindum reglum varða sektum allt að 200 krónum ef ekki liggur þyngri hegning við. Sektarmálin skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Hvenær tilskipun þessi öðlast gildi og eldri ákvæði falla burt.

33. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi tilskipanir um sama efni 20. janúar 1899 og 11. desember 1906.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 11. apríl 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.